

Loksins, loksins!

Árshátíð Þórshamars 2005

Þá er stundin runnin upp sem beðið hefur verið með óþreyju í allan vetur. Laugardaginn 2. apríl fer árshátíð Karatefélagsins Þórshamars fram með óvenjumiklum glæsibrag hjá nágrönnum okkar, Lögreglufélagi Reykjavíkur, Brautarholti 30 (nánast við hlið félagsins, beint á móti Heklu).

Að vanda verður skemmtunin ekki af verri endanum og í tilefni af 25 ára afmæli félagsins í fyrra bjóðum við miðann á aðeins 2.500 kr. sem er sannarlega verðlag síðustu aldar.

Veglegt veisluborð

Það er enginn annar en veislumeistarinn spræki, Lárus Loftsson, sem glöggir félagar minnst með sælukenndum hrolli frá árshátíðinni 2001, er hyggst gleðja okkur á ný með sínu goðsagnakennda hlaðborði sem svigna mun undan eftirtöldum kræsingum:

- Laxaturn
- Sjávarréttapaté
- Rækjur og hörpuskel með fersku salati í melónu
- Graflax í hálfum eggjum
- Lúðupaté
- Roastbeef
- Kjúklingabringur
- Beyonneskinka
- Lambalærisvöðvi
- Ofnsteiktar kartöflur
- Epla- og ávaxtasalat
- 3 – 4 tegundir af grænmeti
- Heit og köld sósa
- Brauð og smjör

Dagskráin

- 19:00 Húsið opnar með fordrykk sem kemur á óvart
- 19:50 Heimsfrumsýning á meistaraflokksskemmtiatriðinu „Við getum þetta líka!“
Misstu ekki af þessu!
- 20:00 Borðhald auk skemmtiatriða félagsmanna. Munið, minnst eitt atriði frá hverjum flokki!
- 22:00 DJ Jói (Prikið, Vegamót) þeytir skífum uns dagur rís.
Félagið býður upp á borðvín með matnum.

Þema árshátíðarinnar 2005 er sjórinn

Þeir fiska sem róa, miðasalan er hafin í afgreiðslu
Aldurstakmark: Fæðingarár 1987

Árshátíðarnefnd